



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Um leið og TFÍ þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til umsagnar um “Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands”, vill félagið koma eftirfarandi sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri. TFÍ fagnar þeirri meginhugmynd frumvarpsins sem er að staðfesta stöðu Tækniskóla Íslands sem háskóla í skólakerfinu jafnframt því sem skipulag skólans er aðlagð háskólalögum.

Samkvæmt frumvarpinu verður aðaláhersla lögð á eflingu tæknináms við skólann. Orðið tæknifræði kemur hins vegar hvergi fyrir í frumvarpinu, sem er þó sú námsbraut sem kennsla við skólann byggist að mestu leyti á, þetta þarf að áréttá í 1. grein frumvarpsins.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu verður ekki séð að fjárveitingar til skólans verði auknar frá því sem nú er og er það vissulega áhyggjuefni. Þess í stað má jafnvel lesa að gerðar verði kröfur um endurskipulagningu á námi sem leitt geti af sér minna námsframboðs í einstökum deildum tæknifræðinnar. Þetta er í verulegri mótsögn við opinbera stefnu stjórnvalda um aukið fjármagn til háskóla. Þá er nauðsynlegt er boðið sé upp á lokapróf í hefðbundnum greinum tæknifræðinnar við skólann.

Þá vil TFÍ minna á sameiginlega menntastefnu TFÍ og VFÍ þar sem félögin hafa ályktað að námi í verkfræði og tæknifræði væri best fyrirkommið í einum öflugum háskóla, með sameiginlegri stjórnskipan en aðskildum námsbrautum. Á þennan hátt væri með auknum nemendafjölda hægt að auka námsframboð og gefa nemendum kost á endurskoðun námsleiða meðan á námi stendur. Mikilvægt er að búa vel að umhverfi og húsnæðismálum skólans í framtíðinni, hugsanlega gæti skólinn þannig orðið hluti af væntanlegum Vísindagörðum, sem ætlunin er að rísi í Vatnsmýrinni í Reykjavík á næstu árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eru:

1. grein.

Lögð er til breyting á eftirfarandi setningu.

Tækniháskólinn leggur áherslu á að veita menntun á ýmsum sviðum tæknifræðinnar í takt við þarfir atvinnulífsins og nemenda eins og þær þróast hverju sinni.

Röksemd: Hér er verið að leggja enn frekari áherslu á tengsl skólans við atvinnulífið

3. grein

Nauðsynlegt er að við skólann starfi tæknifræðingar með viðtæka reynslu af kennslu eða starfi úr atvinnulífinu. Því til áréttingar er lagt til að núverandi starfandi kennarar sem ekki uppfylla kröfur um meistaranám gangist undir stöðupróf en þurfi ekki að ljúka fullgildu meistaranámi til að öðlast áframhaldandi kennsluréttindi.

Röksemd: Sérstaða tæknifræðinga er hin verklega þekking og reynsla úr atvinnulífinu, nauðsynlegt er að þessi þekking verði áfram við skólann.

5. grein.

4. liður. Tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra þar af annar tilnefndur af Tækifræðingafélagi Íslands og tveir til vara, til tveggja ára í senn.

Röksemd: Þetta er til samræmis við þá hefð sem verið hefur varðandi skipan skólanefndar Tækniskóla Íslands fram til þessa og reynst hefur vel.

8. grein

Háskólaráð setur deildum starfsreglur og ákveða hvert skuli vera verksvið deilda. TFÍ leggur mikla áherslu á að fagfélög fái aðild að fagráðum einstakra deilda. Hlutverk deilda skal meðal annars vera undirbúningur og gerð námskrár.

Varðar frumgreinadeild.


Einn af hornsteinum Tækniskóla Íslands hefur verið rekstur frumgreinadeildar. Rekstur hennar hefur laðað til sín fjölda nemenda sem telja má fullvíst að ekki hefðu lagt fyrir sig nám við Tækniskólann nema vegna tilveru frumgreinadeildar. Til að tryggja rekstur deildarinnar er nauðsynlegt að deildarinnar verði getið í frumvarpinu umfram það sem nú er.

Niðurlag.

Eins og fram hefur komið eru ekki gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið. Hins vegar er ljóst að þörf er á verulegu markaðsátaki hins nýja skóla þannig að honum takist að ná þeirri markaðshlutdeild sem eðlileg getur talist til að sinna þörfum atvinnulífsins. Þá er þörf á endurskoðun tæknifræðinámsins hérlendis til samræmis við þær breytingar sem átt hafa sér stað á Norðurlöndum hin síðari ár. Þau atriði sem horft er til eru eftirfarandi.

1. Stytting á námi í frumgreinadeild.
2. Mismunandi undirbúningskröfur til tæknifræðináms.
3. Breytt samsetning tæknifræðináms, nýjar greinar.
4. Möguleiki á öflun starfsreynslu á námstíma - lenging námstíma.
5. Meistaránám í tæknifræði.
6. Endurmenntun / símenntun
7. Samstarf við erlenda tækniháskóla

Reykjavík 15. apríl 2002


Jóhannes Benediktsson, formaður TFÍ